

## Stjórnarfundur 7. Apríl 2021

Google Meet

### Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Sigurður Ingi Jónsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Bjarki Kjartansson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, en fyrir fundinn í dag liggur ekkert fyrir í þeim lið. Mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

### Dagskrá fundarins:

1. Styrkir til félagsmanna vegna keppnishalds utanlands
2. Uppsetning hjálparskjals fyrir uppsetningu á mótum
3. Iðkendur geti framvísað leyfum fyrir byssum sem þeir mæta með
4. Fastir liðir:
  - a. D-Leyfis umsóknir
  - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
  - c. Endurbætur á húsnæði
5. Önnur Mál

### 1. Styrkir til félagsmanna vegna keppnishalds utanlands

Frekari umræða var tekin í sambandi við styrki og var ákveðið að virkja mótanefnd sem sett var saman að hluta strax eftir síðasta aðalfund félagsins með iðkendum úr öllum greinum til þess að skilgreina hvaða mót hafa forgang yfir önnur og lágmarkskröfur iðkenda til þess að getað sótt um styrk.

Stefnt verður á að klára og samþykkja tillögu að málinu á næsta stjórnarfund.

### 2. Uppsetning hjálparskjals fyrir uppsetningu á mótum

Unnið er að því að setja upp skjal með leiðbeiningum fyrir mótstjóra til þess að fara eftir þegar undirbúið er mót sem haldið verður í félagshúsi okkar. Það er komið langt á leið og ákveðið var að bera þetta skjal undir mótanefnd þegar hún hefur verið starfrækt til þess að klára uppsetningu.

### 3. Iðkendur geti framvísað leyfum fyrir byssum sem þeir mæta með

Það var minnst á það á seinasta fundi að skylda iðkendum það að bera skotvopnaleyfin sín þegar þeir mæta með byssur til æfinga svo hægt sé að framvísa þeim sé þess óskað af skotstjóra.

Stjórnin samþykkti þetta einróma.

#### 4. Fastir Liðir

Engar D-Leyfis umsóknir eru í vinnslu eins og er, en allar fjórar umsóknirnar voru samþykktar.

Sigurður er búinn að vera að óska eftir upplýsingum frá STÍ um þjálfara námskeið sem gætu verið á döfinni og bíður svara frá þeim.

Það er verið að leggja lokahönd á teikningar af loftræstikerfi og stefnt er að því að fara í að rífa niður loft í sölum til að klára útböðsgögn. Stefnt er á að vinna á umbótum hefjist um miðjan maí.

#### 5. Önnur mál

Bent var á að umsóknarfrestur fyrir styrki út Pokasjóði (pokasjodur.is) rennur út 12. apríl, og stungið upp á að sækja um styrk til kaupa á laser byssum með umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Ræstifólk hefur verið að koma á þeim tíma sem var ákveðið að ræsta húsnæði félagsins og lendar þá í því að iðkendur séu að æfa í húsnæðinu. Það er því þörf fyrir því að brýna á því á meðal iðkenda okkar að virða þennan tíma.